



Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Reglur um tómstundastyrk í Skeiða- og Gnúpverjahrepp

1. Gr.

Forsendur og markmið

Skeiða- og Gnúpverjahreppur styrkir tómstundaiðkun barna í sveitarfélaginu með árlegu framlagi. Tómstundastyrk er ætlað að greiða niður æfingar- og/eða þátttökugjald og er meginmarkmið tómstundastyrksins er að gera öllum börnum á aldrinum 6-18 ára kleift að taka þátt í uppbyggilegu íþróttá- lista- og tómstundastarfi.

Upphæðin sem greidd er í tómstundastyrk skal vera hámark þeirra upphæðar sem ákveðin er í fjárhagsáætlanagerð hverju sinni.

2. Gr.

Skilyrði fyrir veitingu tómstundastyrks

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 6-18 ára sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu geta sótt um tómstundastyrk.

Meginskilyrði styrksins er að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna.

Tómstundastyrkur er veittur vegna þátttöku barna í skipulögðu íþróttá-, tómstunda- og æskulýðstarfi sem og vegna kaupa á líkamsræktar- og sundkorti sem merkt er einstaklingnum. (ekki vegna kaupa á klippikortum).

Dæmi um hvað er hægt að nýta styrkinn í:

- Skipulagt frístundastarf sem stundað er undir leiðsögn þjálfara, kennara eða leiðbeinanda. Það á við um allt íþróttá- og tómstundastarf sem stundað er á vegum íþróttafélaga, dansskóla, skáta, tónlistarskóla ofl.
- Íþróttá- og tómstundanámskeið barna sem haldin eru í sumarleyfum.
- Skipulögð námskeið s.s. listnámskeið, reiðnámskeið, sjálfsstyrkingarnámskeið og skipulögð námskeið innan líkamsræktarstöðva.

3. Gr.

Almennt um fyrirkomulag

Alla jafna er styrkurinn er greiddur út í gegnum Hvata – hvatakerfi sem tengist Sportabler greiðslukerfi. Í kerfinu er hægt að velja styrkinn sem „greiðsluleið“ fyrir námskeið, árgjald eða tómstund hverskonar. Hvatakerfið heldur utan um hversu mikið er eftir af styrk hvers og eins.

Ef keypt er námskeið, nám eða aðgangur sem ekki er hægt að tengja við sveitarfélagið í gegnum Sportabler, er hægt að hafa samband við þjónustufulltrúa sveitarfélagsins og óska eftir að styrkur sé greiddur eftirá með því að framvísa nauðsynlegum gögnum, svo sem greiðslukvittun og upplýsingum




Skeiða- og Gnúpverjahreppur

um fyrir hvað var greitt. Alltaf skal þó byrja á að óska eftir því að viðkomandi nám, námskeið eða aðgangur sé tengdur við sveitarfélagið í gegnum Hvata.

Styrkurinn er veittur á ársgrundvelli, hann er ekki hægt að færa á milli ára en styrkupp hæð hvers árs gildir fyrir tólstundastarf sem stundað er og greitt það ár.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 18.01.2023


Sveitarstjóri
Skeiða- og
Gnúpverjahrepps

Haraldur Þór Jónsson, sveitarstjóri